

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

-----

S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R Á R I Ð 1 9 4 1.

-----

Einar G. E. Sæmundsen.

-----

## Starfsskýrsla skógarbarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1941.

### S k ó g a r h ö g g:

Skógarhögg var stundað með likum hætti og síðastliðin ár.  
Í Vaglaskógi var höggvið:

Eldiviður	979	hestburðir
Til Kolagerðar	90	"
Staurar 1415 stk.	28	"
Renglur 680 -	7	"
Efniviður 1673 fet	30	"
<u>Samtals 1134 hestburðir</u>		

Betta viðarmagn var höggvið á eftirgreindum stöðum:

Neðan aðalvegar frá Botnlág að Brandhúsagróf	633	hestb.
við Stefánsbraut	230	"
í Vothamramó	45	"
ofan og sunnan Kumblaflatar	71	"
sunnan við Selgil	90	"

Staurar og efniviður eru af öllum svæðunum.

Í öllum þessum svæðum hafði verið grisjað áður. En þótt liðin séu a. m. k. 13- 14 ár síðan síðasta grisjun fór fram, var skógurinn viðast hvar mjög gisinn og var því í betta sinn aðeins tekinn kalviður og fallandi feyskjur. Undantekning frá þessu er þó svæðið sunnan Selgils, sem nú var grisjað í fyrrsta sinn.

Í Sigriðarstaðaskógi var höggvið:

Til eldiviðar	200	hestburðir
- kolagerðar	195	"
Staurar, rengl.efniv.	20	"
<u>Samt. 415 hestburðir</u>		

Betta var höggvið í áður ógrísjuðum skógi, ofarlega í hliðinni, norður undir girðingunni.

### Kolagerð:

Gert var til kola í sex ofnum syðst í Vaglaskógi ( sunnan Selgils ) en ofninni síðan fluttur í Sigriðarstaðaskógi, og lagt þar í hann 13 sinnum. Alls fengust úr ofninum ( á báðum stöðum ) 3595 kg. viðarkol.

### V e g i r o g g i r ð i n g a r:

Unnið var að lagferringum og viðhaldi vega. Mölbornar að meira eða minna leyti allar brautir í Vaglaskógi.

Mjög mikil viðhald varð á girðingum á Vöglum og í Sigriðarstaðaskógi. Snjóflóð tók girðinguna á Vöglum skamt sunnan við tunið. Braut

alls staura og sópaði girðingunni í burt á ca. 50 m. Skálannaði við það á línumni suður á bóginn. Snjóslig urðu mikil á suðurlínunni. Einnig urðu skemmdir af snjóum í Sigriðarstaðaskógi. Þar var hald-  
ið áfram að bæta inn í birkirenglum.

Girt var umhverfis Melalander- Þverár- Stórhöfða og Skuggabjargaskógr sunnan bæjar. Vegalengd 4.324 m.. Hluti af Melalandi keyptur fyrir kr. 900.00. Giringin er sexþáttur gaddavír, 15 m. á milli staura ( rekaviðar ) á því bili tvær renglur. Riðið milli með einu til tveim böndum bindingsvirs. Flutt var efni á línu fyrirhugaðrar girðingar um Skuggabjargaskógr utan bæjar. Vegalengd ca. 3.5 km.

#### Græðireitur:

Afhent var úr reitnum:

birkir	10.224	stk.
reynir	2.244	-
furur ( skógar )	1.656	-
viðir	74	-
Samt.	<u>14.198</u>	stk.

Trjáplönturnar voru sendar í eftirtaldar sýslur og bæi:

Suður-Pingeyjarsýsla	2.362	plöntur
Eyjafj. sýsla ( Ak. og S.fj.)	3.770	"
Skagafj. sýsla	640	"
A.-Húnnavatnssýsla	176	"
Reykjavík.	7.250	"

Sáð var birkifræi úr Bæjarstaðaskógi 4 kg., Skaftafelli 8 kg., úr Sigriðarstaðaskógi 4 kg., og úr Vaglaskógi 12 kg., samtals 31 kg. birkifræ. Einnig var sáð sitkagrennisfræi ( 1 dunk~~x~~ ) frá Prince Williams Sound, Alaska. Reyniberjum ( alls 20 - 25 kg. ) úr góðrum á Akureyri, var sáð bæði vor og haust.

Y 2,5 kg  
Sáning hófst 27. maí. Fræið spiraði mjög illa. Bezt kom upp af birkifræi úr Bæjarstaðaskógi, en því var sáð syðst og neðst í reitinn ~~en~~ þar er raki meiri í jörð en annarsstaðar í reitnum. Veðráttan var mjög óheppileg fyrstu dagana í júni, sólfar mikið á hverjum degi, og burrir sunnan og suðvestan vindar. Skálannaði moldin jafnharðan og vörkvæð var. Sandur var borinn í beðin en hann hitnaði mjög og var því lítt til bóta. Þegar sýnt þótti að þessi sáning bæri eigi tilætlaðan árangur var sáð aftur 26. júni, öllum hinum tegundunum og spiraði nú allt betur en í fyrra sinnið, enda voru veðurskilyrði betri ( úrkamusamara ). En plönturnar í þessum beðum voru mjög smáar í haust. Í seinna sinnið voru beðin ekki sandborin en dýjamosi hafður yfir beðunum fyrstu 12 dagana en þá skyggt með limi. Sitkagrennisfræið kom mjög strjált upp og urðu ekki raðaksil.

#### Dreifplantað var:

birkir	6.070	stk.
furur ( Múlakot )	6.720	-
reynir	170	-
ribs-stikl.	<u>2.000</u>	<u>14.960</u> stk.

Birkið var heldur lélegt en bó allt sett niður sem til var í fræðeþi. Saffiað var 2-3 þús. smáum birkiplöntum í haust og þær settar í kofann. Ribsstiklingarnir komu mjög illa til aðeins um 1/4 hjarði ( rúm 500 ). Var þeði þurkinum um að kenna og eins lélegum stofni ( runnarnir hálfkaldir ). Reyniviður var til í beðum en láttinn standa áfram vegna smæðar.

Reiturinn var allur endur skipulagður, beðaskipun skjólbelti og stalla. Í haust var byrjað á stækkan hans. Var grafinn skurður utan um fyrirhugaðan reit. Hluti af svæðinu var ruddur skógi og sléttatök með hestareku, eru það aðeins um 500 ferm. sem tilbúnir verða í vor.

#### Bygginingar:

Haldið var áfram innansmiði þess hluta íbúðarhússins er ( smiðaður ) byggður var 1940. Settir að nýjir glúggar í galmahúsið ( stofuhæð ).

#### Ymsilegt:

Sendur var maður til leiðbeiningar við sáningu og plöntun á Siglufirði í mai.

Plantað var í reitinn að Hriflu 120 pl. birki, einnig var sáð 2 kg. birkifræi.

Litið var eftir skógargirðingu ( reitnum ) við Laugaskóla.

Grisjað var á Grund í Eviafirði ( furan ), og lagfærð girðingim um reitinn.

Í nóvember fór ég austur í Aðaldalshraun til eftirlits með skógarhöggi. Karls á Knútsstöðum. Var honum leiðbeint, og settar fyrir reglur til vors, en þá mun ég aftur líta eftir verkum hans.

Vöglum í jan. 1942.

Einar G. E. Sæmundsen,

skógarvörður.